

1991 nr. 34 25. mars**Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri**

Tóku gildi 17. apríl 1990 (á að vera 17. apríl 1991). *Breytt með* 1. 90/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 121/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994; *EES-samningurinn*: XII. viðauki), 1. 46/1996 (tóku gildi 31. maí 1996; *EES-samningurinn*: XII. viðauki), 1. 81/2001 (tóku gildi 15. júní 2001), 1. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), 1. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), 1. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og 1. 57/2014 (tóku gildi 4. júní 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **íðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

■ **2. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlundur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlundur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

[*Kerfisáhætta:* Þegar samspil fjármálakerfis og þjóðarþúskapar felur í sér hagsveiflumögnun, fjármálafyrirtæki verða viðkvæm fyrir aðgerðum annarra aðila og hætta er á atburðarás sem getur ógnað fjármálastöðugleika með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þjóðarþúskapinn.]¹⁾

¹⁾ L. 57/2014, 1. gr.

■ **3. gr.** [Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.]¹⁾

¹⁾ L. 121/1993, 1. gr.

■ **4. gr.** [Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í

efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.

b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa tölulíðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. [Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]¹⁾ Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.

3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. [Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum eru þó undanþegnir ákvæðum þessa tölulíðar.]¹⁾

4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi [ráðherra].²⁾

5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

□ Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lög-

aðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutfjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.³⁾

¹⁾ L. 108/2006, 95. gr. ²⁾ L. 126/2011, 156. gr. ³⁾ L. 46/1996, 1. gr.

■ **[5. gr.]** Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur íslensks lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendra fjárfestingar og innlend yfirráð í íslenskum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda [ráðuneytinu]¹⁾ tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. . . .²⁾

□ Telji [ráðherra]²⁾ að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal [ráðherra]³⁾ með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigendaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

□ Ef erlendum aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningsar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

□ Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda [ráðherra]³⁾ hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast sölu og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá

sölu meðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við sölu. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

□ Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

□ Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því að verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölu meðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálstri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

□ Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.]⁴⁾

¹⁾ L. 126/2011, 156. gr. ²⁾ L. 57/2014, 2. gr. ³⁾ L. 98/2009, 14. gr. ⁴⁾ L. 46/1996, 2. gr.

■ **[6. gr. . . . 1)²⁾**

¹⁾ L. 81/2001, 1. gr. ²⁾ L. 46/1996, 2. gr.

■ **[7. gr.]¹⁾** [[Tilkynna ber ráðherra erlenda fjárfestingu á þeim sviðum þar sem sérstakar takmarkanir gilda, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir.]²⁾ Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati ráðherra. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

□ [Tilkynningarskylda hvað varðar 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. gildir þó ekki um einstaklinga eða lögaðila þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, enda séu viðkomandi aðilar búsettir eða með heimilisfesti í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]²⁾

□ [Ráðherra]³⁾ hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila. Heimilt er [ráðherra]³⁾ að fela ríkisstofnun að annast slíka upplýsingaöflun og athugasir.]⁴⁾

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 57/2014, 3. gr. ³⁾ L. 98/2009, 14. gr. ⁴⁾ L. 46/1996, 3. gr.

■ **[8. gr.]¹⁾** [Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti.]²⁾ Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 46/1996, 4. gr.

■ **[9. gr.]¹⁾** Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna

skráningu á, móttækinn arð eða annan hagnaðarhlut og sölu- andvirði fjárfestingar.

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr.

■ **[10. gr.]**¹⁾ Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. [[Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.]²⁾ [Ráðherra]³⁾ getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.⁴⁾

□ [Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar sem búsettir eru í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra laga.]²⁾

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 108/2006, 96. gr. ³⁾ L. 98/2009, 14. gr. ⁴⁾ L. 121/1993, 4. gr.

■ **[11. gr.]**¹⁾ [Ráðherra]²⁾ fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

□ [Ráðherra]³⁾ getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 126/2011, 156. gr. ³⁾ L. 98/2009, 14. gr.

■ **[12. gr.]**¹⁾ [. . .]²⁾

□ [Nú telur ráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstök-

um atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu, enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst vitneskja um hlutaðeigandi fjárfestingu.]²⁾ Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. [Þegar um er að ræða fjárfestingu frá aðila aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal gætt ákvæða 40. og 41. gr. í stofnsamningnum.]³⁾

□ [Ráðherra er heimilt að stöðva erlenda fjárfestingu í kerfislega mikilvægum fyrirtækjum þegar slík fjárfesting felur í sér kerfisáhættu.

□ Ráðherra er heimilt að stöðva erlenda fjárfestingu skv. 2. og 3. mgr. á grundvelli ábendinga þar til bærra aðila.]²⁾

□ [Ráðherra]⁴⁾ skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlandis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.]⁵⁾

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 57/2014, 4. gr. ³⁾ L. 76/2002, 40. gr. ⁴⁾ L. 98/2009, 14. gr. ⁵⁾ L. 46/1996, 6. gr.

■ **[13. gr.]**¹⁾ [Ráðherra]²⁾ getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 98/2009, 14. gr.

■ **[14. gr.]**¹⁾ Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ . . .]²⁾

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **[15. gr.]**¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 46/1996, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I. . . .**

■ **[II. . . .]**¹⁾

¹⁾ L. 46/1996, 7. gr.